

Föstudaginn 16. nóvember 1956.

Nr. 127/1956. Ákærvaldið (Gústaf Ólafsson hdl.)

gegn

Snorra Jónssyni (Egill Sigurgeirsson).

Dómsendur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyjólfsson og Ármann Snævarr prófessor.

Skírlífisbrot.

Dómur Hæstaréttar.

Afskipti ákærða af drengnum L. L. varða að nokkru við 209. gr. laga nr. 19/1940. Með þessari athugasemd þykir mega staðfesta héraðsdóminn að öðru leyti en því, að rétt þykir, að gæzluvarðhald ákærða frá 2. maí 1956 komi að öllu leyti til frádráttar refsivist hans.

Ákærða ber að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 5000.00 til hvors.

Það athugast, að héraðsdómari hefur eigi, eftir því sem efni voru til, látið vitni benda á ákærða í hópi fleiri manna, er sannreyna skyldi, hvort þau þekktu hann, sbr. 2. mgr. 2. tl. 35. gr. laga nr. 27/1951.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómurinn á að vera óraskaður að öðru en því, að gæzluvarðhald ákærða, Snorra Jónssonar, frá 2. maí 1956 komi að öllu leyti til frádráttar refsivist hans.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin laun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, Gústafs Ólafssonar héraðsdómslögmanns og Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 5000.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Kópavogs 8. september 1956.

Ár 1956, laugardaginn 8. september, var í sakadómi Kópavogs, sem haldinn var í skrifstofu dómsins af Sigurgeiri Jónssyni bæj-

arfógeta, upp kveðinn dómur í sakadómsmálinu nr. 5/1956: Ákærvaldið gegn Snorra Jónssyni.

Mál þetta er af ákærvaldsins hálfu höfðað gegn Snorra Jónssyni kaupmanni, Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi, með ákæruskjali dómsmálaráðherra, út gefnu 20. júlí 1956, og framhalds-ákæruskjali, út gefnu 22. ágúst 1956, en dómtekið 4. þ. m.

Samkvæmt ákæruskjali er ákærði ákærður fyrir að hafa:

I. Veturinn 1955 til 1956 og vorið 1956 í allmörg skipti á heimili sínu og í verzlunarhúsnæði að Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi haft kynferðismök, samræði, við fimm drengi á aldrinum 9—12 ára.

1) Við drenginn Þ. S., fæddan 10. maí 1943, tvívegis haustið 1955 og um jólaleytið það ár.

2) Við drenginn K. Á., fæddan 8. nóvember 1945, um jólaleytið 1955 eða nokkru fyrir.

3) Við drenginn L. L., fæddan 7. júní 1944, a. m. k. þrívegis nauðugan um jólaleytið 1955.

4) Við drenginn G. Þ. S., fæddan 30. október 1945, þrátt fyrir mótmæli hans í nokkur skipti vorið 1956.

5) Við drenginn G. G., fæddan 11. október 1946, í allmörg skipti s.l. vor.

Teljast brot þessi varða við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II. Haustið 1955 og veturinn þar á eftir haft önnur kynferðismök á sama stað og að framan getur við nokkra drengi á aldrinum 9 til 12 ára, þá Þ. S., L. L., G. Þ. S. og G. G., er greinir að framan, svo og við drengina K. H., fæddan 20. maí 1944, og H. F., fæddan 19. nóvember 1944, en mökin voru fólgin í því, að ákærði kyssti drengina, þuklaði þá og nuddaði sér upp við þá aftan frá. Teljast brot þau, er undir þessum tölu-lið greinir, varða við 2. mgr. 203. gr. nefndra laga.

III. Vorið og sumarið 1955 bæði í Kópavogi og Reykjavík gert tilraun til að hafa kynferðismök við tvo drengi 16 ára gamla, J. G. Á. í Kópavogi og J. M. í Reykjavík, með því að bjóða þeim greiðslu fyrir að fá að hafa slík mök við þá, en brot þessi teljast varða við 2. mgr. 203. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga.

IV. Sumarið 1954 í greindri verzlun sært blygðunarsemi tveggja drengja 14 og 15 ára gamla, H. S. og G. Ó., með því að þukla á nárnum þeirra og kynfærum. Brot þessi eru talin varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

V. Um s.l. áramót á heimili sínu eða í verzluninni að Borgar-

holtsbraut 20 í Kópavogi leyst niður um telpuna G. K., 8 ára gamla, og skoðað hana að neðan, en það brot er talið varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

Í ákæruskjali er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Með framhaldsákæruskjali, út gefnu 22. ágúst 1956, er ákærði ákærður fyrir að hafa:

I. a) Gert tilraun til þess, sennilega á árinu 1954, að hafa kynferðismök í verzluninni að Borgarholtsbraut 20 í Kópavogi við drenginn Á. Þ., fæddan 17. júní 1941, með því að káfa á honum og reyna að losa um buxur hans, en brot þetta er talið varða við 1. mgr. 203. gr. sbr. 1. mgr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Að því er þessa háttsemi ákærða varðar, er málið til vara höfðað gegn honum fyrir að hafa sært blygðunarsemi drengsins Á. Þ. Telst það brot varða við 209. gr. nefndra laga.

b) Nokkru síðar en greinir undir Ia að framan, sært blygðunarsemi nefnds drengs, Á. Þ., er þeir voru staddir í strætisvagni, með því að káfa á drengnum, en brot það telst og varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

II. Sumarið 1955 í bifreið hjá nefndri verzlun opnað buxnaklauf drengsins G. F., sem er fæddur 15. júní 1938, og þuklað á getnaðarfærum hans. Er það brot talið varða við 209. gr. nefndra laga.

Í framhaldsákæruskjali er þess krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, sviptingar réttinda samkvæmt 3. mgr. 68. gr. laga nr. 19/1940 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, fæddur 10. júlí 1911, og hefur, svo kunnugt sé, sætt eftirtöldum refsingum:

Í Reykjavík

1946 30/9 Dómur: 6 ára fangelsi, sviptur kosningarrétti og kjör-gengi fyrir brot gegn 164. gr. hegningarlaga. Vátrygg-ingasvik og skjalafals.

1948 29/1 Dómur Hæstaréttar í sama máli: 8 ára fangelsi fyrir framangreind brot.

Í Hafnarfirði

1953 20/1 Sátt, 100 kr. sekt fyrir tolllagabrot.

Málavextir eru þeir, sem nú skal greina:

Hjónin S. V. og kona hans komust að því, að sonur S. V., G. Þ. S., fæddur 30. nóvember 1945, hafði meira af sælgæti undir höndum en eðlilegt var eftir þeim peningum, sem þau hjón gáfu honum,

auk þess sem konan varð vör við, að hann hafði vindlinga í fórum sínum. Laugardagskvöldið 28. apríl s.l. var drengurinn lengur úti en hann hafði leyfi til. Er drengurinn kom heim, var hann votur og var háttaður ofan í rúm. Fannst þá í fötum hans 10 króna seðill. Er drengurinn var spurður um seðil þenna, neitaði hann í fyrstu tilveru seðilsins, en sagði síðan, að G. G. (fæddur 11. október 1946) leikbróðir hans ætti hann. G. G. var þá kominn til þeirra feðga, og reyndist hann þá einnig eiga 10 króna seðil. Er gengið hafði verið á G. Þ. S., sögðu drengirnir frá því, að þeir hefðu fengið peningana hjá kaupmanni úti á nesi, sem hétu Snorri, og síðar kom í ljós, að er ákærði í máli þessu, en þeir mættu alls ekki segja frá því. Er S. V. spurði son sinn, fyrir hvað hann hefði fengið peningana, kvaðst hann hafa fengið þá fyrir að fara í mjólkurbúð. Er S. V. dró í efa, að peningarnir hefðu verið greiddir fyrir ferð í mjólkurbúð, kveður hann drenginn hafa svarað því til, að hann vissi það ekki og mætti ekkert segja. S. V. leitaði nú upplýsinga um ákærða og kveðst þá hafa komið að því, að orð lægi á, að hann væri kynvilltur. Samkvæmt framburði S. V. jataði sonur hans fyrir honum eftir nokkra vafninga, að ákærði hefði haft samband við hann um nokkurra vikna skeið og haft mök við hann eða „notað hann“, eins og orð féllu. Þá skýrir S. V. frá því, að drengurinn hafi tjáð sér, að ákærði hafi gefið honum og G. G. sælgæti og vindlinga, og einn vindlingapakka kveðst S. V. hafa fundið í felustað samkvæmt ábendingu G. Þ. S. Þá getur S. V. þess, að hann og kona hans hafi um nokkurt skeið, áður en þeir feðgar ræddust við um mál þetta, orðið vör við niðurgang hjá drengnum, og hafi hann stundum verið mjög bráður. S. V. kveðst hafa rætt um mál þetta við G. G. eldra, föður drengsins G. G., en þeir hafi síðan rætt sameiginlega um málið við formann barnaverndarnefndar Kópavogs, séra Gunnar Árnason, hinn 1. maí s.l. Formaður barnaverndarnefndar kærði málið til dómars 2. maí s.l., og hófst þá rannsókn málsins samdægurs.

Rétt þykir að lýsa málsatvikum að öðru leyti í sömu röð og í ákæruskjölum greinir, þó þannig, að liðir I og II í ákæruskjali frá 20. júlí 1956 eru teknir í einu lagi til að forðast endurteknningar.

A.

I—II. 1. Mök við drenginn Þ. S.

Þ. S. er fæddur 10. maí 1943. Hann hefur skýrt svo frá í dómi, að haustið 1955, eftir að hann kom úr sveitinni, hafi hann komið í búð til ákærða til að kaupa, og hafi ákærði þá fengið hann með

sér inn í baðherbergi í íbúð hans og þuklað rass hans þar. Ekki kveður hann ákærða hafa aðhafzt frekara að sinni og ekki hafi hann þá greitt sér neitt, en áður hafi hann oft gefið sér sælgæti, í eitt skipti mjög mikið, og hafi ákærði þá oft tekið einkennilega í hönd sér, eins og hann klóraði með einum fingri í lófa hans. Nokkru síðar kveðst Þ. S. hafa komið í búð til ákærða til að kaupa fyrir móður sína. Eftir að hann hafði hjálpað ákærða við afgreiðslu samkvæmt beiðni hans, kveður hann ákærða hafa beðið sig að koma með sér í skrifstofuherbergi og leggjast þar á legubekk. Hafi ákærði síðan komið með kremdós og beðið sig að leysa niður buxurnar, en síðan skipað það, er beiðninni var ekki hlýtt strax. Þorði Þ. S. eigi annað en hlýða skipuninni. Kveður Þ. S. ákærða síðan hafa smurt kremi á endaparm hans (Þ. S.) og síðan stungið getnaðarlim sínum í endaparm hans og hreyft sig, þangað til að bleyta kom úr getnaðarlimnum. Hann kveður ákærða hafa greitt sér 50 krónur fyrir í þetta skipti og sagt sér að koma aftur, en segja engum frá. Síðan kveðst Þ. S. ekki hafa komið til ákærða fyrr en allöngu síðar. Tildrög þess hafi verið þau, að hann hafi verið að hjóla nálægt Kronbúðinni á Borgarholtsbraut, er ákærði og maður með honum voru þar á gangi, og bað ákærði Þ. S. þá að koma með sér og sendast. Kveður hann ákærða og hinn manninn hafa farið með sér inn í hús ákærða íbúðarmegin og inn í herbergi Vigfúsar Vals, sonar Krístrúnar sambýliskonu ákærða. Hann kveður ákærða og félagi hans hafa farið út úr herberginu, en félaginn hafi komið litlu síðar og skipað sér að leggjast á legubekk, sem hann hafi ekki þorað annað en hlýða. Síðan hafi ákærði komið í gættina með kremdós og afhent manninum, sem hafi smurt kremi á endaparm hans. Hafi ókunni maðurinn síðan rekið getnaðarlim sinn í endaparm hans og hreyft sig þar og skekið. Að þessu loknu kveður Þ. S. ákærða hafa komið inn í herbergið og aðhafzt hið sama. Ekki hefur tekizt að hafa upp á félagi ákærða í þetta skipti. Samkvæmt framburði Þ. S. gaf ákærði honum 50 krónur, en hinn maðurinn 100 krónur. Atburði þessa telur hann hafa skeð fyrir jólin 1955. Við yfirheyrslu á vitninu Þ. S., sem, eins og að framan greinir, er 13 ára að aldri, hafa komið í ljós nokkur atriði, er stuðning geta veitt við mat á sannleiksgildi framburðar þess. Skulu þau nú rakin.

a) Í fyrstu yfirheyrslu á vitninu 7. maí s.l. skýrir það frá því, að í herbergi því, sem ákærði hafi farið með vitnið inn í, er hann og annar maður höfðu mök við það, hafi verið byssa. Er Vigfús Valur Ásgeirsson, sonur sambýliskonu ákærða, var yfirheyrður í dómi, en hann hafði að jafnaði afnot herbergis þessa, kannaðist

hann í fyrstu ekki við, að nein byssa hefði verið þar, en við nánari umhugsun mundi hann, að hann hafði geymt byssu þar fyrir bróður sinn, en hún hafi verið farin úr herberginu 20. nóvember, er hann kom aftur úr ferð austur á land, sem hófst 22. september, en þá hafi byssan verið í herberginu.

b) Við síðari yfirheyrslu á vitninu Þ. S. mundi það, að annar drengur hefði verið með því, er ákærði hitti það á Borgarholtsbraut og fékk það með sér inn, þar sem ákærði samkvæmt framburði vitnisins hafði mök við það og annar maður einnig. Drengur sá, sem vitnið benti á í þessu sambandi, E. B., fæddur 26. marz 1944, hefur staðfest þenna framburð.

c) Við yfirheyrslu á vitninu Þ. S. hinn 16. maí s.l. var því sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8 (nr. 4 í rannsóknarendurríti). Kvaðst vitnið ekki hafa komið í herbergi o, d, i og g, en hafa séð inn í herbergið, sem merkt er g, þegar það gekk inn í herbergið h, herbergi Vigfúsar Vals, er ákærði og hinn maðurinn höfðu báðir samfarir við vitnið í því herbergi. Vitnið kveður eitthvað hafa verið á gólfi herbergisins g, sem líktist steypuköggjum, eða eins og höggvið hefði verið upp úr gólfinu. Þá kvað vitnið dúkrúllu hafa verið á gólfinu og þar hafi verið skápar, eins og um eldhús væri að ræða. Herbergið g er eldhús. Ákærði hefur skýrt svo frá, að á árinu 1955 hafi hann gert mikið við eldhúsið, en því hafi ekki verið lokið fyrr en um s.l. jól. Hann kveður gólf dúkaskipti á eldhúsinu hafa farið fram á einum degi, þ. e. gamli dúkurinn hafi ekki verið tekinn af, fyrr en um leið og sá nýi var settur á. Vigfús Valur Ásgeirsson man ekki eftir, að hann hafi unnið við dúklagningu eldhússins, en hann man, að hann vann við dúklagningu svefnherbergis. Vigfús Valur var fjarverandi, eins og greinir í a, frá 22. september 1955 til um 20. nóvember 1955.

d) Í sömu yfirheyrslu gat vitnið skýrt teikninguna á dskj. nr. 8, að svo miklu leyti sem það gat verið húsaskipun kunnugt samkvæmt framburðum sínum, en annað ekki.

e) Vitnið kvað mann nokkurn, sem það þekkti ekki, en síðan hefur hafzt uppi á, hafa séð, er ákærði afhenti því hluta af peningum þeim, sem hann greiddi því fyrir fyrri meiri háttar mökin. Maður þessi, sem hefur komið fyrir dóm, mundi ekki eftir að hafa séð greinda peningaafhendingu.

2. Mök við drenginn K. Á.

K. Á. er fæddur 8. nóvember 1945.

Hann hefur í dómi skýrt svo frá, að einhvern tíma eftir s.l. jól, sem hann síðar leiðrétti, að muni hafa verið fyrir s.l. jól, hafi

hann komið í búð til ákærða í þeim erindum að kaupa lakkrís. Hafi ákærði þá verið einn í búðinni og verið þá í símanum. Kveður hann ákærða hafa sagt sér að koma innfyrir og hafi þeir síðan gengið saman í gegnum skrifstofu, stofu, forstofu og inn í baðherbergi. Þar hafi ákærði skipað sér að leysa niður um sig og leggjast á grúfu á baðherbergisgólfið. Er hann hafi hlýtt því, hafi ákærði smurt kremi á rass hans, lagzt ofan á hann og stungið getnaðarlim sínum í rassinn á honum. Þar hafi hann hreyft sig nokkra stund og bleyta komið úr lim hans. Eftir þetta kveður hann ákærða hafa gefið sér 10 krónur, en áður hafi hann lofað 50 krónum. Önnur mök kveður þetta vitni ákærða ekki hafa haft við sig.

Um sannleiksgildi framburðar vitnisins K. Á. eru þessar upplýsingar:

a) Við síðari yfirheyrslu á vitni þessu hinn 11. júní s.l., var það beðið að lýsa baðherbergi ákærða. Kvaðst vitnið þá ekki muna eftir neinu sérstöku við baðherbergi þetta, þetta hefði verið ósköp venjulegt baðherbergi, nema að á því hefði glugginn verið uppi í þaki. Er vitninu voru sýndar myndirnar á dskj. nr. 9 (dskj. nr. 15 í rannsókn), kannaðist það ekkert við myndina til vinstri, en kannaðist við myndina til hægri sem baðherbergi ákærða og benti þá á, að birtan á myndinni komi úr glugganum í þakinu. Svo sem dskj. nr. 8 ber með sér, er baðherbergið inni í miðju húsi, og því ekki um aðra glugga að ræða en þakglugga.

b) Í sama þinghaldi var þessu vitni sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8. Sýndi það dómaranum leið þá, sem það kvað þá ákærða hafa farið úr búðinni, gegnum skrifstofuna f, stofuna e og ganginn j inn í baðherbergið. Það kvaðst ekki kannast við herbergin h, g, i, d og c, nema að það hefði séð inn í fremri geymsluna, þar sem ölkassarnir eru merktir 1.

3. Mök við drenginn L. L.

L. L. er fæddur 7. nóvember 1944.

Hann hefur skýrt svo frá í dómi, að ákærði hafi oft gefið sér sælgæti, oft blikkað sig og tekið einkennilega í hönd, þegar hann gaf sælgæti, eins og hann klóraði með einum fingri í lófa þess, sem hann tók í hönd á. Hann kveður ákærða nokkrum sinnum hafa kysst sig í andlitið og tvisvar hafi hann tekið sig inn á skrifstofu og viljað leysa buxur hans, en ekki hafi orðið af neinu þá. Þá hefur L. L. og skýrt frá því, að veturinn 1955—1956, líklega fyrir jól, hafi hann einu sinni komið til ákærða að morgni dags. Hafi ákærði þá farið með hann eða dregið inn á skrifstofu, leyst

þar niður um hann og lagt hann á grúfu á dívan, sett krem á rass hans og rekið getnaðarliminn í endaparm hans og hreyft sig þar, unz bleyta kom úr getnaðarlim ákærða. Allt þetta kveður L. L. hafa skeð gegn mótþróa hans. Fyrir þetta kveður hann ákærða hafa gefið sér 10 krónur. Er L. L. og ákærði voru samprófaðir 16. maí s.l., hélt L. L. fast við fyrri framburð sinn, sem rakinn hefur verið, en bætti því við, að þetta hefði skeð oftast en í fyrri framburði greindi. Er hann var að því spurður, af hverju hann hefði ekki skýrt frá öllu sem hann vissi í fyrri framburði sínum, kvaðst hann ekki hafa treyst sér til að skýra frá meiru þá. Kvaðst hann halda, að síðari mökin, sem voru tvisvar, að því er hann minnti, hefðu farið fram í skrifstofunni á sama stað og þau hafi farið fram með sama hætti, nema að hann minni, að þau hafi verið framkvæmd standandi í síðari skiptin.

Um sannleiksgildi framburðar þessa vitnis eru ekki neinar sérstakar upplýsingar aðrar en þær, að við sampröfun vitnisins og ákærða 16. maí s.l., þótti framkoma vitnisins benda eindregið til, að það ætti mjög erfitt með og væri þvert um geð að segja frá atburðum þessum, þótt það yrði að gera það, úr því sem komið væri.

4. Mök við drenginn G. Þ. S.

G. Þ. S. er fæddur 30. október 1945.

Tildrögum rannsóknar máls þessa er lýst hér að framan, er S. V., faðir G. Þ. S., komst að sambandi hans við ákærða. Er rannsókn máls þessa hófst í sakadómi, skýrði G. Þ. S. frá ferð sinni og G. G., 9 ára leikbróður hans, til ákærða. Samkvæmt framburði G. Þ. S. eru fyrstu mök ákærða við hann þau, að ákærði hafi í ofangreindri ferð þeirra G. Þ. S. og G. G. til hans kysst G. Þ. S. á andlit og munn og tekið í axlir hans og ekið sér til um miðjuna upp við rass hans. Þetta skeði vorið 1956, líklega í aprílmánuði. Er þetta skeði í fyrsta sinn, kveður G. Þ. S. leikbróður sinn hafa beðið úti, á meðan hann var hjá ákærða, en hann hafi farið inn á eftir og sagt síðan, að ákærði hafi gert eins við hann. Þetta telur G. Þ. S. hafa skeð tvisvar, en í þriðju ferðinni til ákærða hafi ákærði leyst niður um hann og haft við hann fullkomin kynvillu-mök í bakherbergi verzlunarinnar milli ölkassa og miðstöðvarherbergisdýra. Hann kveður ákærða hafa lofað 50 til 100 króna greiðslu fyrir hver mök, en alltaf svikið það, nema í síðasta skiptið hafi hann látið 10 krónur. G. Þ. S. kveður ákærða alltaf, nema tvisvar, hafa smurt smyrslum á endaparm hans, áður en hann rak getnaðarlim sinn þar inn, en hann telur, að þeir hafi

nokkrum sinnum, líklega 5 sinnum, haft slík mök saman. Öll þessi mök kveður hann hafa verið framkvæmd á sama stað. Hann kveður ákærða hafa þurrkað smyrslin af endaparmi hans í slopp eða tusku. Atburði þessa kveður hann alltaf hafa skeð á venjulegum verzlunartíma, nema einu sinni eftir lokun. Hafi ákærði alltaf verið einn í búðinni, en hafi einhver komið, hafi ákærði hneppt að sér buxnaklaufinni, sagt sér að bíða og farið fram að afgreiða. Einu sinni kveður G. Þ. S. leikbróður sinn G. G. hafa horft á ákærða að samförum við sig í geymslukompunni (bakherberginu).

Varðandi sannleiksgildi framburðar þessa vitnis eru þessar upplýsingar:

a) Við sampröfun vitnisins og ákærða hinn 16. maí s.l. var vitninu sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8. Þekkti vitnið þar þau herbergi, sem það gat þekkt samkvæmt fyrri framburði þess, en kannaðist ekkert við önnur herbergi, nema stofuna, sem það kveðst hafa séð inn í úr skrifstofunni, en þar áttu fyrstu mökin að hafa átt sér stað samkvæmt framburði vitnisins.

b) Framburður S. V., föður G. Þ. S., um, hvernig hann hafi komizt að sambandi sonar síns og ákærða, peninga og vindlingapakka, sem drengurinn hafði eignast og gat bent á, vafninga þá, sem á því voru í upphafi, að hann segði föður sínum sögu sína, og upplýsingar S. V. um tíðan og stundum bráðan niðurgang drengsins á því tímabili, sem mök ákærða við hann áttu að eiga sér stað.

c) Framburður drengsins G. G. um, að hann hafi einu sinni horft á, er ákærði stóð fyrir aftan G. Þ. S. niðurleystan, og var þá allt á hreyfingu (sjá næsta kafla).

5. Mök við drenginn G. G.

G. G. er fæddur 11. október 1946.

Frásögn G. G. er mjög á sömu lund og frásögn G. Þ. S., enda hafa þeir samkvæmt framburðum beggja oftast farið saman til ákærða, en hann þá venjulega haft mök við annan þeirra. G. G. kveður fyrstu mök ákærða við sig hafa átt sér stað í fyrstu sameiginlegu ferð þeirra leikbræðra til ákærða, og kveðst hann hafa farið inn, eftir að G. Þ. S. hafði verið þar. Þá kveður hann ákærða hafa kysst sig á munninn og síðan hafa komið aftan að sér og ýtt þar eitthvað á sig. Eftir þetta kveðst G. G. hafa komið nokkrum sinnum til ákærða, og ákærði þá leyst niður um hann og stungið getnaðarlim sínum í rass honum og hreyft sig. Kveður hann ákærða hafa lofað sér 50 króna greiðslu fyrir mökin, en

hann aldrei látið nema 10 krónur. Hann kveður ákærða hafa notað smyrslu og þurrkað þau af á eftir. Oftast kveður G. G. mök ákærða við hann hafa skeð í verzlunartíma fyrir ólæstri búð, en einu sinni hafi ákærði læst. Hann kveður mökin ýmist hafa átt sér stað í skrifstofuherbergi eða geymslukompu. Niðurgang kveðst hann oftast hafa fengið eftir mökin. Vitnið G. G. hefur skýrt frá því, að það hafi horft á ákærða hafa mök við G. Þ. S. í eitt skipti og hafi það þá verið í bakherberginu (c), en ákærði og G. Þ. S. í milliganginum við ölkassana. Kveðst vitnið hafa gengið til hliðar og kíkt.

Um sannleiksgildi framburðar vitnisins G. G. eru þessar upplýsingar:

a) Við sampröfun vitnisins og ákærða kveðst ákærði aldrei hafa séð þetta vitni (G. G.). Eftir þá staðhæfingu ákærða var vitninu sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8. Gat vitnið þá skýrt frá allri húsaskipun í húsi ákærða. Einnig gat vitnið skýrt frá, hvar legubekkur sá stæði í skrifstofu ákærða, sem það taldi ákærða hafa haft mök við sig í.

b) Framburður G. G. um, að ákærði hafi í eitt skipti, er þeir áttu mök saman, látið hann (G. G.) standa uppi á poka bak við geymsluhurðina. Á myndinni til vinstri á dskj. nr. 9 sést í hálf-fullan poka. Eins og segir í a-lið, kveðst ákærði aldrei hafa séð þetta vitni.

c) Vitnisburður foreldra G. G. um samtöl þeirra við drenginn, eftir að þau fengu grun eða vitneskju um samband hans við ákærða. Samkvæmt framburði móður G. G., K. K., skýrði drengurinn í fyrstu frá kynnum sínum af ákærða, en er að því var komið, að ákærði hafði mök við drengina, kvaðst hann ekki geta sagt meira, en síðan hafi smátt og smátt hafzt meira upp úr honum um atburði, þar til þeim foreldrum hans var ljóst, að um fullkomin homosexual mök hafði verið að ræða. Samkvæmt framburðum beggja foreldra G. G., var hann í aprílmánuði s. l. nokkrum sinnum með niðurgang. Framburðir þeirra beggja eru samhljóða um, að drengurinn hafi sýnilega haft mikinn viðbjóð á því, sem skeð hefði, og hafi hann af þeirri orsök átt mjög erfitt að skýra frá málavöxtum.

6. Mök við K. H.

K. H. er fæddur 20. maí 1944.

Hann hefur skýrt frá því, að á s. l. hausti (1955) hafi hann komið í verzlun til ákærða eftir lokunartíma og beðið hann að selja sér sælgæti. Hafi ákærði, sem var utanhúss, er þeir hittust,

játað því, en er inn var komið, hafi ákærði gefið honum sælgæti og 5 krónur, en síðan tekið utan um kviðarhol hans og nuggað sér upp við hann að aftanverðu. Kveðst hann hafa fundið fyrir hörðum getnaðarlim ákærða við rasskinn sína, en hvorugur hafi verið niðurleystur.

Um sannleiksgildi framburðar K. H. eru þessar upplýsingar:

a) K. H. kvaðst strax hafa sagt frá atburðinum heima hjá sér og mundi, að þetta hefði skeð, er slátursuða átti sér stað á heimili hans. Systir K. H., G. H., hefur staðfest, að hann hafi skýrt frá þessu heima hjá sér og einnig tímann, sem það hafi skeð á. Félagi K. H., H. V. K., sem talinn er hafa beðið utan verzlunarinnar, er atburður þessi átti sér stað, hefur staðfest það og jafnframt, að K. H. hafi þá þegar, er út kom, sagt frá, að ákærði hefði gefið honum sælgæti og peninga og leitað á hann, en nokkuð ber á milli um orðaskipti, þar sem K. H. telur sig hafa sagt H. K. V., að ákærði hefði tekið sig, en H. K. V. telur K. H. hafa sagt, að ákærði hefði kysst hann.

b) Við samprófun K. H. við ákærða 16. maí s. l. neitaði ákærði að hafa nokkurn tíma séð K. H. Eftir þá neitun ákærða var K. H. sýndur uppdrátturinn á dskj. nr. 8, og gat hann þá bent á herbergi þau, sem framburður hans varðaði, en þekkti ekki aðrar vistarverur, nema brauðabúð og geymslu, er hann kvaðst hafa komið í áður hjá fyrri eiganda.

7. Mök við H. F.

H. F. er fæddur 19. nóvember 1944.

Hann kveður ákærða oft hafa kysst sig og gefið sér sælgæti, en einu sinni fyrir jólin 1955 hafi ákærði fengið hann með sér inn í gömlu mjólkurbúðina og tekið höndum utan um kviðarhol hans og nuddað sér upp við rass hans að aftan. Hann kveður þá báða hafa verið í buxum, en kveðst greinilega hafa fundið fyrir hörðum getnaðarlim ákærða. Fyrir þetta kveður hann ákærða hafa gefið sér 10 krónur.

Um sannleiksgildi framburðar þessa vitnis eru engar sérstakar upplýsingar.

Ákærði hefur staðfastlega neitað öllum ásökunum, sem felast í framangreindum framburðum, svo og öllum öðrum framburðum málsins, þar sem hann er borinn þeim sökum, sem í ákæru-skjölum greinir. Hann neitar algerlega, að hann sé kynvilltur. Hann kveðst þekkja vitnið Þ. S., en framburðir þess séu tilhæfulaus ósannindi. Framburði K. Á. kveður hann einnig ranga. Hann kveðst kannast við vitnið L. L., en frásögn þess sé tilhæfulaus

lýgi. Hann kveðst kannast við vitnið G. Þ. S., en kveður framburði þess með öllu ósanna. Hann kveðst aldrei hafa séð vitnið G. G. og séu framburðir þess tilhæfulaus lýgi. Hann kveðst ekki kannast við vitnið K. H. og ekki minnst að hafa séð það. Framburðir þess séu tilhæfulaus uppspuni. Vitnið H. F. kveðst ákærði aðeins einu sinni hafa séð og sé framburður þess tilhæfulaus uppspuni að öllu leyti.

Verða nú rakin nokkur atriði, sem fram hafa komið við rannsókn málsins, en ekki snerta beinlínis einstök ákæruatriði.

1. Þeir 5 drengir, sem borið hafa, að ákærði hafi rekið getnaðarlim sinn í endaparma þeirra, hafa verið skoðaðir af Brynjúlfi Dagsyni héraðslækni. Engin meiðsli í endapörmum þeirra hafa fundizt. Til að geta gert sér grein fyrir þýðingu læknisvottorða um þetta atriði leitaði dómarrinn álits vottorðsgjafa. Samkvæmt upplýsingum hans þurfa engin sýnileg merki að vera á endapörmum drengja á þessum aldri eftir getnaðarlim fullorðins manns.

2. Kynmök við dýr. Í sakadómi Árnassýslu var hinn 7. maí s. l. framkvæmd rannsókn um meint mök ákærða í máli þessu við dýr, er hann var fangi að Litla Hrauni. Samkvæmt framburði Gísla Gíslasonar, fyrrverandi gæzlumanns að Litla Hrauni, kom hann og Marel Þórarinsson, verkstjóri á vinnuhælinu, að ákærða í fjósi vinnuhælisins vorið 1948, þar sem hann var ataður í kúamykju og reyndi að hylja sig með strigasvuntu. Vitnið kveður Marel, sem kom inn í fjósið rétt á undan vitninu, hafa sagt því, að ákærði hefði staðið við afturenda kvígu og verið að hafa við hana kynmök. Vitnið kveðst hafa farið með ákærða inn í vinnuhælið og hefði ákærði þar viðurkennt að hafa haft kynmök við kvígu í fjósinu. Í dagbók vinnuhælisins 4. júní 1948 er bókað: „Kl. 2 í dag varð ég þess var, að fanginn Snorri Jónsson fór út í fjós frá vinnu sinni, og gekk ég þá á eftir honum og hitti á hann við samfarir við kvígu eina, er þar var inni. Gísli Gíslason gæzlumaður.“

Vitnið Marel Þórarinsson verkstjóri skýrir svo frá atburðum, að það hafi farið á eftir ákærða í fjósið og séð í gegnum gat á vegg, hvar ákærði stóð fyrir aftan kvígu og var með tilburði, sem vitnið gat ekki álitnið aðra en þá, að hann væri að hafa samfarir eða kynmök við hana eða reyna það. Vitnið Guðmundur Jónatan Guðmundsson, sem var forstjóri vinnuhælisins 1948, hefur komið hér fyrir dóm. Vitnið kveðst ekki hafa verið heima, er umræddur atburður hafi skeð, en hann hafi borið þetta á ákærða, er hann kom heim, og lokað hann síðan inni fyrir til-

tækið. Vitnið kveðst hafa lagt ákveðna spurningu fyrir ákærða og hafi svar hans við henni og önnur hegðun ákærða í sambandi við atvik þetta falið í sér fulla viðurkenningu á, að hann hefði haft mök við kvíguna, þótt ekki hefði verið lögð fyrir hann bein spurning um það.

Við rannsókn málsins hér fyrir dómi hefur ákærði, jafnframt því sem hann hefur neitað öllum ásökunum um mök við drengi, neitað því, að hann væri kynvilltur. Hann hafði, áður en rannsókn sakadóms Árnæssýslu var lögð fram hér fyrir dómi, lýst því yfir, að hann teldi mök við dýr kynvillu, en hefur algerlega neitað því, að hafa haft nein mök við dýr sjálfur.

3. Saga St. M., fæddis 14. október 1945.

Upplýst hefur verið með eigin játningu drengsins St. M., að eftir að rannsókn máls þessa hófst og eftir að hann frétti, að ákærði væri kominn í fangelsi (gæzluvarðhald), hafi hann búið til sögu um, að faðir hans hefði kært ákærða og fyrir hans tilverknað væri hann nú kominn í fangelsi. Kæra föðurins hafi verið vegna maka ákærða við drenginn. Verjandi ákærða hefur lagt nokkuð upp úr atviki þessu í vörn sinni. Hann kveður þetta atvik sýna, að valt sé að treysta framburðum svo ungra vitna, sem flest vitni máls þessa eru. Rétt þykir af þessu tilefni að bera atvik þetta að nokkru saman við vitnaframburði í málinu. Vitni þau, sem borið hafa um mök ákærða við þau, hafa verið yfirheyrð í sakadómi eftir að hafa hlýtt á alvarlegar áminningarræður dómarrans og formanns barnaverndarnefndar, sem jafnframt er sóknarprestur þeirra. Áminningarræðurnar beindust ekki síður að því að fyrirbyggja ýkjur en því gagnstæða. Fyrstu vitnin í málinu, sem áður höfðu verið yfirheyrð alvarlega af foreldrum þeirra, gátu tæpast stunið sögum sínum upp sökum feimni og sýnilegs viðbjóðs á verknaðinum. Saga St. M. er búin til, eftir að rannsókn máls þessa hófst, og hún, ásamt atburðum þeim, sem hún fjallar um, komust í hárnæli. Drengurinn segir jafnöldrum sínum söguna, að því er virðist, til að eigna föður sínum heiður af verki, sem drengnum hefur sýnilega þótt nokkurs um vert, en strax og drengurinn kemur í sakadóm og honum hefur verið skýrt frá þýðingu framburðar í dómi, skýrir hann frá því, að sagan sé tilbúin. Verður ekki talið rétt að leiða af atviki þessu neina andsonnun gegn öðrum framburðum vitna í málinu.

4. Í framburðum drengjanna G. G. og G. Þ. S. kom fram, að ákærði hafði þurrkað smyrslu af endapörmum þeirra í slopp, sem hangið hafði í bakherbergi verzlunarinnar. Þar sem mök ákærða við drengi þessa áttu að hafa farið fram, rétt áður en rannsókn

máls þessa hófst (nokkrum dögum áður), var Rannsóknarstofu Háskólans falið að rannsaka sloppinn. Við þá rannsókn kom í ljós, að á honum var mikið af brúnleitum blettum, misdökkum og misstórum. Margir blettanna reyndust blóðblettir, en aðrir ekki. Hvergi fannst greinilegur saur eða spermatozoa. Niðurstaða rannsókna þessarar þykir því hvorki staðfesta né hrinda frásögnum vitnanna G. G. og G. Þ. S. um notkun sloppsins til að þurrka af endapörmum þeirra.

5. Í sambandi við leit að meintum félagi ákærða, er talinn er hafa átt mök við drenginn Þ. S., hefur S. T. verið yfirheyrður. Hann viðurkennir vafningslaust, að hann væri kynvilltur, en kvaðst aldrei hafa haft mök við börn. Hann kvaðst vita, að ákærði í máli þessu væri kynvilltur, þótt þeir hefðu ekki átt mök saman. Hann kveður ákærða hafa sagt sér, að hann væri homosexuel, en aldrei kveðst hann hafa séð til hans við homosexuel mök.

6. Hinn 16. júní s.l. var í sakadómi Kópavogs úrskurðað geðheilbrigðisrannsókn á ákærða. Hann var hinn 19. sama mánaðar lagður inn á Kleppspítala til rannsókna, sem framkvæmd var af Þórði Möller lækni. Niðurstaða þeirrar rannsókna er svo-hljóðandi:

„Hann er hvorki fáviti né geðveikur, en geðveill og með ótraustar hömlur og jafnvel homosexuel tilhneigingar. Um er að ræða 45 ára gamlan mann, fráskilinn, en búandi með annarri konu fráskilinni. Faðir hans mun hafa komið eitthvað undir manna hendur. Sjálfur er hann alinn upp, yngstur 8 systkina, á heimili móður sinnar á Grundum í Bolungavík við hið mesta dálæti. 18 ára að aldri flyzt hann ásamt móður sinni og tveimur eldri bræðum til Reykjavíkur, og hann er settur til mennta. Hann lýkur gagnfræðaprófi með sæmilegum árangri eftir hætti, en ekki verður úr frekara námi. Hann er svo í þjónustu annarra næstu árin, en virðist yfirleitt koma sér vil. 1937 stofnar hann iðnfyrirtæki ásamt nokkrum öðrum og gekk sæmilega að sögn. Seldi hann sinn hlut eftir tvö ár og stofnaði annað iðnfyrirtæki með tveimur öðrum og veitti forstöðu saumastofu þess. Mun það hafa gengið mjög vel, en var svo lagt niður eftir stríð af ótta við samkeppni við innfluttar vörur. Við uppgjörið kom í ljós einhver minni háttar fjárorðiða hjá honum, sem þó var ekki gert neitt veður út af og alveg látin niður falla. Gekk hann svo inn í heildsölu með öðrum, innflutningsverzlun, árið 1946. Það ár reyndist hann viðriðinn brunamálið á Akranesi og hlaut dóm fyrir Hæstarétti 2 árum síðar, 1948, fyrir váttryggingasvik og skjalafals, átta ár. Um þetta leyti eða nokkru áður skildi hann við konu sína, sem hann

hafði kvænzt 1940 og átt með tvö börn. Hafa þau ekki talast við síðan. Á vinnuhælinu að Litla Hrauni þóttu sannast á hann kynmök við dýr, og neitaði hann því ekki, er það var á hann borið, og sætti möglunarlaust innilokun um nokkurn tíma þess vegna. Að öðru leyti virðist hann hafa komið sér vel þar eystra. Sat hann þar af sér helming dómsins, en fékk síðari helminginn eftir gefinn. Eftir það var um 1 ár, sem hann starfaði ekki, en síðan vann hann fyrst í Vestmannaeyjum og síðar á Keflavíkurlflugvelli. Í fyrravor kaupir hann svo verzlun í Kópavogi og hefur rekið hana síðan. Hefur hann síðan 1952 búið með fráskilinni konu. Verzlunin gengur allvel. Snorri er nú undir kæru fyrir homosexuel afbrot gegn nokkrum unglingsdrengjum þar syðra, en þverneitar öllum ákærum sem hinni mestu fjarstæðu, telur sig vart hafa séð flesta drengjanna, sem um ræðir, og telur þetta allt persónulega ofsókn. Er ekkert lát á honum í þeim efnum.

Í fari og ferli Snorra rekst maður á ýmislegt, sem bendir til geðveilu og hugsanlega til homosexuel tilhneiginga. Heilarit og hormónrannsóknir styðja þann grun, þó ekki nægi til að því verði slegið föstu, að hann verði talinn homosexuel að eðli til, heldur að maður verði að láta sér nægja að telja hann geðveilan og með lélegar hömlur, einnig að því er við kemur sexuel tilhneigingum.

Ekkert finnst við rannsóknina, er ætti að gera að verkum, að maðurinn teljist ósakhæfur.“

7. Auk framburða vitna þeirra, sem greint hefur verið frá, hafa allmargir drengir verið kvaddir fyrir dóm til vitnisburðar, en fram hefur komið, að þeir hafi engin mök átt við ákærða. Ekki þykir ástæða til að rekja framburði þeirra sérstaklega, þar sem afskiptaleysi ákærða af þessum unglíngum þykir hvorki sanna til né frá um afskipti hans af öðrum. Rétt er þó að geta sérstaklega framburða 2 sendla ákærða, sem hafa allengi verið í þjónustu hans, en samkvæmt þeim hefur ákærði aldrei leitað á þá til fylgilags við sig, en báðir telja hann koma einkennilega fram við aðra drengi. Í málinu hafa og komið fram ýmsar upplýsingar um óvenjulegar tiltektir ákærða, svo sem einkennileg handabönd, blikk, pikk o. fl., sem ekki þykir ástæða til að rekja ýtarlega.

Samkvæmt ákæruskjali 20/7 1956 (I. og II.) er ákærði ákærður:

1. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn Þ. S. tvívegis haustið 1955 og um jólaleytið það ár og fyrir að hafa haft önnur kynferðismök við sama dreng.

Samkvæmt framburði Þ. S., sem að framan er lýst, studdum þeim sérstöku og almennu rökum, er að framan greinir, þykir þrátt fyrir neitun ákærða ekki varhugavert að telja sannað, að

ákærði hafi haft þau mök við Þ. S., sem greind eru í ákæruskjali, þ. e. að hafa tvívegis haft við hann fullkomin homosexual mök (í ákæruskjali nefnt samræði) og einu sinni þuklað rass hans. Í ákæruskjali eru síðustu mökin talin hafa átt sér stað um jólaleytið árið 1955. Samkvæmt framburði Þ. S. áttu mökin sér stað fyrir jól 1955, en hvenær man hann ekki. Við samanburð á framburðum Þ. S. og Vigfúsar Vals Ásgeirssonar um byssuna, sem Þ. S. er viss um, að hafi verið í herbergi því, sem brotið hafi verið framið í, virðist þetta hafa skeð eigi síðar en 20. nóvember 1955. Ekki verður talinn vafi á, við hvaða brot sé átt í ákæruskjali, þótt tími sé að öllum líkindum rangt tilgreindur þar. Samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951 þykir því mega dæma um þetta ákæruatriði, þótt tími geti verið rangt tilgreindur í ákæruskjali. Með hinum fullkomnu homosexuelli mökum við Þ. S. þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

Með þukli sínu á rassi Þ. S. þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við sömu lagagrein. Hann er ákærður fyrir brot gegn 2. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga fyrir háttsemi þessa. Þar sem Þ. S. er undir 14 ára aldri, er brot er framið, þykir samkvæmt heimild 3. mgr. 118. gr. laga nr. 27/1951 rétt að heimfæra brotið undir 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga.

2. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn K. Á. um jólaleytið 1955 eða nokkru fyrr.

Samkvæmt framburði K. Á., sem að framan er lýst, studdum þeim rökum, sérstökum og almennum, sem að framan greinir, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi haft þau mök við K. Á., sem í ákæruskjali er lýst. Með þeim þykir hann hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

3. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn L. L., a. m. k. þrívegis, nauðugan um jólaleytið 1955 og auk þess fyrir að hafa haft við hann önnur kynferðismök.

Samkvæmt framburði L. L., sem að framan er lýst, studdum þeim sérstöku og almennu rökum, sem að framan greinir, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi nokkrum sinnum kysst L. L. í andlitið og þrisvar sinnum haft við hann fullkomin homosexual mök (samræði samkvæmt ákæruskjali), þar af í eitt skipti nauðugan. Með athæfi sínu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga og sbr. 194. gr. sömu laga, að því er þau mök varðar, er L. L. var tekinn nauðugur.

4. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn G. Þ. S. þrátt fyrir mótmæli hans í nokkur skipti vorið 1956 og fyrir að hafa haft önnur kynferðismök við sama dreng.

Samkvæmt framburði G. Þ. S., sem að framan er lýst, studdum þeim sérstöku og almennu rökum, sem að framan greinir, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi tvisvar sinnum kysst G. Þ. S. og nuddað sér upp við hann og að hann hafi í nokkur skipti vorið 1956 haft við hann fullkomin homosexual mök. Með þessu athæfi sínu þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

5. fyrir að hafa haft kynferðismök, samræði, við drenginn G. G. í allmörg skipti s.l. vor og fyrir að hafa haft önnur kynferðismök við sama dreng.

Samkvæmt framburði G. G., studdum þeim rökum, sem að framan er lýst, þykir ekki varhugavert að telja sannað þrátt fyrir neitun ákærða, að hann hafi á s.l. vori einu sinni kysst G. G. og nuddað sér upp við hann og að hann hafi síðar í allmörg skipti haft við hann fullkomin homosexual mök. Þykir ákærði með þessu athæfi hafa gerzt brotlegur við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

6. fyrir að hafa haustið 1955 haft kynferðismök við drenginn K. H.

Samkvæmt framburði K. H., sem lýst er að framan, studdum öðrum rökum máls þessa, almennum og sérstökum, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði, þrátt fyrir neitun hans, hafi haustið 1955 nuddað sér upp við K. H. Brot þetta þykir varða við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

7. fyrir að hafa á sama tíma haft kynferðismök við H. F.

Ekki þykir varhugavert að telja sannað af framburði H. F. og almennum rökum, sem fram hafa komið í máli þessu, að ákærði hafi kysst H. F. og nuddað sér upp við hann einu sinni haustið eða veturinn 1955. Brot þessi þykja varða við 1. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 200. gr. sömu laga.

III. Tilraun til maka við J. G. Á. og J. M.

1. Samkvæmt framburði J. G. Á., sem er fæddur 14. júní 1940, hefur ákærði oft beðið hann að hitta sig og síðast hinn 1. maí s.l. beðið hann að hitta sig í Tjarnarbíói í Reykjavík og koma þar með sér á salerni gegn 200 króna greiðslu. Vitnið J. G. Á. kveður ákærða hafa sagt því, að þeir þyrftu ekki að vera nema 10 mínútur á salerninu, hann ætlaði ekki að gera vitninu neitt illt og

að þetta gerðu margir strákar til að vinna sér inn peninga. Vitnið kveður ákærða áður hafa beðið sig að finna hann einan, en þá hafi hann aldrei lofað meiru en 100 króna greiðslu fyrir. Þá kveður vitnið ákærða tvisvar eða þrisvar hafa reynt að klóra á kynfærum þess. Samkvæmt framburði vitnisins hefur ákærði aldrei sagt því beinlínis, til hvers það ætti að finna hann. Enda þótt vart sé hægt að hugsa sér annan tilgang hjá ákærða með beiðni hans um fund við sig á salerni Tjarnarbíós en kynferðislegan tilgang, verður þó sá vafi, sem á er um tilgang ákærða með beiðnum sínum um fundi með J. G. Á., að koma ákærða til góða og valda sýknum hans af þessu ákæruatriði. Fyrir fálum ákærða að kynfærum vitnisins J. G. Á. hefur ekki verið ákært sérstaklega.

2. Samkvæmt framburði vitnisins J. M., 16 ára, var það sumarið 1955 að kvöldlagi statt í gangi pósthússins í Reykjavík, er maður nokkur, er vitnið ekki þekkti, bauð því í bílferð. Það kveðst vitnið hafa afþakkað. Gekk vitnið síðan á brott, en er það var komið að Aðalstræti, kveður það hinn ókunna mann aftur hafa birzt og beðið vitnið að tala við sig. Töluðust þeir síðan við inni í forstofu húss eins við Veltusund, og kveður vitnið hinn ókunna mann hafa beðið sig að hafa mök við hann. Vitnið kveðst þó hafa neitað þessu, en þá hafi ókunni maðurinn reynt að taka utan um það og varna því útgöngu. Vitnið kveðst þó hafa sloppið og hlaupið beina leið á lögrelustöðina, en ekki tókst að hafa upp á manningum. Nokkrum dögum síðar kveðst vitnið hafa séð ókunna manninn í fyrirtæki því, sem það vann í, og hittist þá svo á, að samstarfsmaður vitnisins, sem það spurði um, hver maðurinn væri, var úr Kópavogi og þekkti manninn, sem er ákærði í máli þessu. Samstarfsmaður vitnisins hefur í dómi staðfest þenna hluta framburðar þess og að vitnið hafi þá strax sagt söguna um viðskipti þess og ákærða.

Ekki þykir varhugavert með hliðsjón af öðrum atriðum máls þessa að telja sannað með síðastgreindum framburðum, að ákærði hafi í ofangreint skipti gert tilraun til maka við J. M. Það athæfi hans þykir varða við 2. mgr. 203. gr. almennra hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.

IV. Særð blygðunarsemi H. S. og G. Ó.

1. Samkvæmt framburði vitnisins H. S., 16 ára, kveðst það oft hafa komið í búð til ákærða og lengi vel einskis óeðlilegs orðið vart. Sumarið 1954 kveðst vitnið hafa farið í búð til ákærða til að kaupa. Hafi þeir verið tveir einir í mjólkurbúð ákærða, og hafi hann þá reynt að teygja sig yfir afgreiðsluborðið til að þukla á getnaðarlim vitnisins, meðan það stóð fyrir framan borðið og

drakk úr coca cola flösku, er ákærði hafði gefið því. Síðar sama dag kveðst vitnið aftur hafa átt erindi í búð til ákærða, og hafi hann þá aftur reynt að þukla í nára vitnisins. Vitnið D. E. J., 13 ára, sem var sendill hjá ákærða og ber honum vel söguna, hefur staðfest, að H. S. hafi farið til ákærða í umrætt skipti og að ákærði hafi þá læst hurð á herbergi því, er þeir fóru inn í saman. Ekki þykir varhugavert í ljósi annarra staðreynda máls þessa að telja framangreinda háttsemi ákærða sannaða.

2. Samkvæmt framburði vitnisins G. Ó., f. 22. júní 1939, kveðst það sumarið 1954 hafa komið í búð til ákærða. Hafi ákærði þá, eftir að hann hafi læst verzluninni, gefið vitninu súkkulaði, en síðan farið að þukla vitnið og stjaka á nára og maga þess, en jafnframt spurt það, hvar það ætti heima. Fannst vitninu sem ákærða brygði við þær upplýsingar, og taldi vitnið, að það væri vegna þess, að foreldrar þess væru viðskiptamenn ákærða. Varð þá ekki af frekari aðgerðum af hálfu ákærða, en hann óskaði eftir fundi við vitnið síðar. Vitnið kveður ákærða hafa gefið því 5 krónur, um leið og það fór út úr verzluninni. Samkvæmt framangreindum framburði G. Ó., studdum almennum röksemdum máls þessa, þykir ekki varhugavert að telja síðastgreinda háttsemi ákærða sannaða.

Með brotum þeim, sem þessi liður (IV) fjallar um, þykir ákærði hafa gerzt brotlegur við 209. gr. hegningarlagna.

V. Særð blygðunarsemi G. K., 8 ára.

Samkvæmt framburði vitnisins K. V. J. barst því til eyrna upp úr s.l. áramótum, að G. K. dóttir þess hefði farið ein inn í búð ákærða. Vitnið og kona þess, L. H., töluðu við telpuna, og skýrði hún þá frá því, að hún hefði farið til ákærða og leyst þar niður um sig buxurnar, en fyrir það hefði ákærði gefið henni sælgæti. Hafi ákærði síðan skoðað hana að neðan, en ekki gert annað og leyft henni síðan að fara. Móðir telpunnar, L. H., hefur komið fyrir dóm. Hún hefur skýrt á sama hátt frá sögu telpunnar og faðir hennar, K. V. J. L. H. kveðst hafa skoðað telpuna og gengið úr skugga um, að hún hafi ekki orðið fyrir líkamsspjöllum. Telpun hefur ekki komið í dóm, þar sem foreldrar hennar hafa talið yfirheyrslu þýðingarlausu vegna skilningsleysis hennar á því, hvað gerzt hefði.

Ekki þykir fært að sakkella ákærða fyrir þetta ákæruatriði samkvæmt þeim gögnum, sem fyrir liggja. Þykir ekki hjá því komizt að hafa í huga, að engar aðrar upplýsingar hafa komið fram um misferli ákærða við stúlkubörn.

Ber því að sýkna hann af þessu ákæruatriði.

B.

I. Tilraun til maka við Á. Þ. og særð blygðunarsemi hans.

Á. Þ. er fæddur 17. júní 1941. Samkvæmt framburði vitnisins Á. Þ. hefur ákærði leitað á vitnið árið 1954. Vitnið kveður ákærða, er það hélt á hænu fyrir hann, hafa byrjað að káfa á vitninu og reynt að losa um buxur þess, en því tekizt að hindra það. Síðar kveður sama vitni ákærða hafa hlammað sér við hlið þess í stræt-
isvagni og byrjað að káfa á því, en það hafi ýtt ákærða frá, og hann þá hætt. Er litið er á framburð vitnisins Á. Þ. í ljósi annarra staðreynda málsins, þykir ekki varhugavert að telja sannað, að ákærði hafi framið athæfi það, sem vitnið lýsir. Þessi brot ákærða þykja bæði varða við 209. gr. almennra hegningarlaga.

II. Særð blygðunarsemi G. F.

G. F. er fæddur 15. júní 1938. Samkvæmt framburði vitnisins G. F. bauð ákærði vitninu upp í bifreið sumarið 1955. Bifreið þessa kveður vitnið hafa staðið kyrra á Urðarbraut rétt við verzlun ákærða. Þarna kveður vitnið þá hafa ræðzt við, en ákærði hafi síðan farið að þukla vitnið, opnað buxnaklauf þess og þuklað á pung og getnaðarlim vitnisins.

Með framangreindri háttsemi, sem þykir nægjanlega sönnuð með eiðfestum framburði G. F., studdum öðrum almennum rökum máls þessa, hefur ákærði gerzt brotlegur við 209. gr. almennra hegningarlaga.

C.

Refsing ákærða fyrir öll brot þau, sem hann samkvæmt fram-
anrituðu er sakfelldur fyrir, þykir með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfilega ákveðin fangelsi í 3 ár. Ekki þykir vera skilyrði fyrir hendi til að gæzluvarðhaldsvist ákærða, meðan aðalrannsókn málsins stóð yfir frá 2. maí til 16. júní 1956, komi til frádráttar refsingu. Gæzluvarðhaldsvist ákærða frá 16. júní 1956 þykir hins vegar rétt, að komi til frádráttar refsitíma.

Svipta ber ákærða kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga frá birtingu dóms þessa að telja.

Ákærða ber að dæma til greiðslu alls sakarkostnaðar, þar með talin málssóknarlaun hins skipaða sækjanda, Loga Einarssonar hdl., sem þykja hæfilega ákveðin kr. 3000.00, og málsvarnarlaun til hins skipaða verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hrl., sem jafnframt hefur verið réttargæzlumaður ákærða í gæzluvarðhaldsvist hans, en þau þykja hæfilega ákveðin kr. 4000.00.

Dómsorð:

Ákærði, Snorri Jónsson, sæti fangelsi í 3 ár. Til frádráttar komi gæzluvarðhaldsvist hans frá 16. júní 1956.

Hann skal frá birtingu dóms þessa sviptur kosningarrétti og kjörgengi til opinberra starfa og annarra almennra kosninga.

Hann greiði allan sakarkostnað, þar með talin málssóknarlaun sækjanda, Loga Einarssonar hdl., kr. 3000.00, og málsvarnarlaun verjanda, Egils Sigurgeirssonar hrl., kr. 4000.00.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Priðjudaginn 20. nóvember 1956.

Nr. 47/1955. H/f Kveldúlfur (Einar B. Guðmundsson)

gegn

Sigurði Karlssyni og gagnsök

(Gunnar Þorsteinsson).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Árni Tryggvason, Jónatan Hallvarðsson og Þórður Eyólfsson og Ólafur Jóhannesson prófessor.

Skadabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 16. marz 1955 skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. s. m. Krefst hann þess, að skadabætur þær og málskostnaður, sem honum var dæmt að greiða í héraði, verði hvort tveggja fært niður að miklum mun. Hann krefst málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur að fengnu áfrýjunarleyfi 12. maí 1955 gagnáfrýjað málinu með stefnu 18. maí 1955. Krefst hann þess, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum kr. 482.712.79 ásamt 6% ársvöxtum frá 25. ágúst 1951 til greiðsludags og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Fyrir Hæstarétti hefur eigi verið véfengd niðurstaða hér- aðsdóms um skadabótaskyldu aðaláfrýjanda vegna slyss þess,